

Framangreind ákvæði eru sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 18. júní 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Eliás Eliasson.*

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi  
nr. 155 22. sept. 1942.

Við auglýsinguna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur umsækjandi um skeið starfað sem kandídat í einhverju eftirtalinna sjúkrahúsa: Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar, Fjórðungssjúkrahúsi Norðfjarðar, Kristneshæli, Vífilsstaðahæli, Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, Sjúkrahúsi Keflavíkur eða Sjúkrahúsi Akraness, og leggur fram skilríki fyrir því, og stýttist þá skylduþjónustutími sá, sem tilskilinn er í fyrri málsgrein, um þann tíma, sem hann hefur unnið á fyrrgreindum stofnunum.

Reglur þessar gilda fyrst um sinn og þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júlí 1962.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Eliás Eliasson.*

## REGLUGERÐ

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

### 1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 45 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er greinir í 2. gr.

### 2. gr.

Á eftirtöldum vegum má þó hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:

- Flugvallarbraut frá aðalhliði flugvallarins að gatnamótum Víkingsgötu.
- Flugbraut „F“ frá Austurbraut að Alþjóðavegi.
- Grjótagata og Austurbraut frá NCO-klúbbum að Grænáshliði.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.